



CRUSTAL

STEINEFNASPARTL

VÖRULÝSING

Crustal er fjölhæft, náttúrulegt og hágæða kalkspartl án allra plastefna. Crustal er frábær lausn til að sameina kröfur nútímans um ekta jarðefnaútlit, styrkleika og rispupól og umhverfismild áhrif. Crustal státar bæði af sannfærandi útliti og upplifun við snertingu og færir jafnvægi inn í húsið. Það er því einkar vinsælt meðal arkitekta og hönnuða sem gera miklar kröfur um náttúrulegt útlit.

Crustal steinefnaspartlið hentar á vegg í þurrýmum innanhúss og er einkar auðvelt í notkun. Það getur gefið óteljandi útlitsmöguleika, ýmist slétta, matta eða grófa náttúrulega áferð og fæst í mörgum jarðlitum. Einungis ein umferð er sett á flötinn og ekki nauðsynlegt að spartla yfir misfellur eða fylla upp í göt, t.d. á nýsteyptum fleti. Unnt er að fá fram meiri litadýpt og lifandi litatóna með Crustal skyggingaraðferð. Mögulegt er að vinna með spartlið yfir langan tíma til að ná fram „ekta“ míníralískri áferð á veggflötinn sem spilar fallega með hvaða hönnunarstíl sem er. Crustal hentar á steypu, málaða fleti, plötur (gifsplötur, vatnspolið MDF o.fl.) sem eru þéttar og fastar í sér.

UMBÚÐASTÆRÐIR OG BLÖNDUN

Crustal er afgreitt í duftformi í þremur mismunandi umbúðastærðum: 480 gr, 4 kg og 16 kg pokum í fötum. Við val á litum er oftast notað 2,5%, 5% eða 7,5% (þyngdarhlutfall miðað við þyngd Crustal þurrduftsins) af sérstöku litarefni sem eru staðlaðir litir í Crustal og Stuc Deco litakorti. Einnig má blanda litarefnunum í öðrum hlutföllum (að hámarki 7,5%). Litarefni eru afgreidd í 400 g pökkum (1 pakki í 16 kg dufts= 2,5% litarinnihald), mögulegt er að bæta við lit, allt að 7,5%, til að ná fram þéttari og dýpri litatönunum.

Við litun er ætíð byrjað á að leysa litarduftið upp í vatni ofan í tómrí Crustal fötunni. Crustal kalkduftinu er síðan hrært út í litablönduna. Vélhrærið í 3-5 mínútur eða þar til mjúk, einsleit blanda fæst. Bætið við vatni og hrærið aftur sé þess talin þörf, en það fer eftir því vinnulagi sem nota skal. Þornunartími fer eftir vatnsmagni og spartlþykkt á vegg. Blandan er nothæf í margar vikur og mánuði við rétt geymsluskilyrði.

UNDIRLAG

Undirlag skal vera hreint, þurrt og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Þrífið óhreina fleti með Nordsjö Málartvätt og vatni. Glansandi yfirborð, t.d. flísar, skal matta með grófum sandpappír. Öll samskeyti ætti að yfirlíma fyrst með trefjastyrktum borða til að forðast sprungumyndun.

Notið ætíð Stuc Primer til að fá hámarksviðloðun og hagkvæmni í vinnslu. Eftir grunnun er ein umferð af Crustal borin á með spaða eða bretti. Að því loknu er spartlið formað með spartlspaða, Crustal Brush eða öðru áhaldi, sbr. notkunarleiðbeiningar á heimasíðu.

Ef óskað er eftir auka skyggingu á yfirborðið skal væta flötinn með vatni blönduðu 0,5% Crustal Dispers (0,5% = 80 ml/16 L) til að draga úr ísogi. Þá skal leysa 1-5% litarefni (1% = 12 g/1,2 L) í Crustal Dispers og vatni (sömu hlutföll og áður) og bera á flötinn. Berið á með rúllu, pensli eða svampi þar til óskuðum litartón er náð. Eftir þornun er borin á 1 umferð af 1KPU Mat sem tryggir langtímaþörv yfirborðsins.

Frekari upplýsingar er að finna í notkunarleiðbeiningum og myndböndum á vefsíðu Sérefna.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Hvítt duft	Viðloðun	Afar góð á Stuc Primer
Undirlag	Þurrt og stöðugt, ekki hætt við flögnun	Þurrktími	2-4 klst
pH	12-13	Endanleg hörðun	1 vika
Vatnsnotkun	+/- 0,25 l/kg, fer eftir vinnulagi og óskaðri þykkt (í 4 kg fer +/- 1 L af vatni. Í 16 kg fer +/- 4 L af vatni)	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti sé á bilinu 8-25°C
Umferðafjöldi	1-2, fer eftir undirlagi og óskaðri áferð	Geymslupól í lokuðum umbúðum	12 mánuðir að lágmarki
Efnisnotkun	+/- 1,5 kg/m², fer eftir vinnulagi	Vinnslutími	Þegar efnið hefur verið hrært gæti blanda þykknað en hana má þynna og nota síðan mánuðum saman
Áhöld	Spaði úr ryðfríu stáli, Crustal Brush o.fl.	Hreinsun áhalda	Vatn

ATHUGIÐ

Blandið Crustal utandýra eða tryggið góða loftræstingu við blöndunina. Crustal er mjög basískt og notið því hanska/hlífðarfatnað/ augnhlíf/andlitshlíf. **HÆTTA:** Veldur alvarlegum augnskaða. BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið strax lækni. **VARÚÐ:** Veldur húðertingu. Getur valdið ertingu í öndunar-færum. EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Geymið þar sem börn ná ekki til. Sjá ítarlegri upplýsingar í öryggisblöðum.

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.